



Stjórnarfundur Körfuknattleiksdeildar Vestra 24. júlí 2017

Haldinn í Vinnuverinu Suðurgötu 9. Fundur settur kl. 16:05. Mætt: Ingólfur Þorleifsson, formaður, Birgir Örn Birgisson, Birna Lárusdóttir, formaður BUR, Harpa Guðmundsdóttir, Sveinn Rúnar Júlíusson, gjaldkeri og Ingi Björn Guðnason sem jafnframt ritaði fundargerð. Yngvi Páll Gunnlaugsson, yfirþjálfari, mætti á fundinn undir liðum 1-4.

1. Leikmannamál
Farið yfir stöðu mála. Að mestu leyti óbreyttur hópur frá því í fyrra. Unnið að leyfismálum erlends leikmanns.
2. Unglingafokkur
Stefnt að því að halda úti unglingaflokki drengja.
3. Undirbúningstímabilið
Rætt um undirbúningstímabilið. Yngvi greindi frá því að stefnt væri að æfingamóti í lok september og að einnig væri stefnt að leikjum fyrir það. Rætt um styrktarþjálfun á vegum Tómasar Emils Hansen sjúkráþjálfara. Tómas mun kynna sínar hugmyndir fyrir stjórn við fyrsta tækifæri.
4. Húsnæði
Húsnæði fyrir leikmenn. Ingi Björn kannar stöðu mála hjá HSV.
5. Fjármál og styrkir
Sveinn gerði grein fyrir stöðu mála.
6. Önnur mál.
 - a. Rætt um framtíð kvennakörfunnar á Vestfjörðum. Innan stjórnar hefur undanfarið verið unnið eftir 3 ára áætlun um uppbyggingu og utanumhald kvennakörfunnar. Stefnt að því að halda fund með foreldrum og kynna þetta.
 - b. Rætt um æfingaferð til Spánar sem farin var snemmsumars. Ferðin tókst heilt yfir mjög vel. Rætt um að festa í sessi keppnis eða æfingaferðir yngri flokka á vegum félagsins.
 - c. Gólf í íþróttahúsi. Birna kynnti stöðu mála um gólfið í Tornfesi og mun kanna hvenær hafsti verður handa.

Fleira gerðist ekki. Fundi slitið kl. 18:05.